

## Umsögn

um frv. til l. um ráðstafanir í ríkisfjármálum.

Frá meiri hluta heilbrigðisnefndar

Heilbrigðisnefnd barst, þann 16. desember, erindi frá efnahags- og skattanefnd þar sem óskað er álits nefndarinnar á þeim þáttum sem snúa að málefna sviði heilbrigðisnefndar í 234. máli, frumvarpi til laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum.

Nefndin fékk á sinn fund Unu Björk Ómarsdóttur og Vilborgu Þ. Hauksdóttur frá heilbrigðisráðuneytinu, Björn Zoëga og Önnu Lilju Gunnarsdóttur frá Landspítala- Háskólasjúkrahúsi. Auk þess komu á fund nefndarinnar Helga Jónsdóttir frá BSRB, Stefán Aðalsteinsson frá BHM, Gylfi Arnbjörnsson frá ASÍ, Guðmundur Magnússon og Guðríður Ólafsdóttir frá Öryrkjabandalagi Íslands.

Nefndin tók til umfjöllunar þá liði frumvarpsins sem snúa að málefnum heilbrigðisnefndar en í frumvarpinu er gert ráð fyrir breytingum á lögum um sjúkratryggingar, nr. 112/2008, á þann hátt að heimilað verði að taka komugjald vegna innlagnar á sjúkrahús. Er í frumvarpinu gert ráð fyrir upptöku gjalds fyrir innlögn á sjúkrahús sem skuli ná til kostnaðar við innritun og aðstöðu. Sérstaklega er til tekið að gjaldið skuli vera lægra fyrir aldraða, öryrkja og börn og einnig að ekkert gjald skuli tekið fyrir innlögn vegna fæðingar en það er í samræmi við ákvæði nógildandi laga um að ekki sé heimilt að taka gjald fyrir mæðra- og ungbarnavernd. Gjald þetta skuli innheimt einu sinni vegna hverrar innlagnar og að ekki verði um að ræða aðra gjaldtöku af innliggjandi sjúklingi. Markmið breytinganna er meðal annars að auka samræmi í gjaldtöku í heilbrigðiskerfmu, en þegar er innheimt gjald vegna komu eða innritunar á m.a. göngudeildir, dagdeildir, rannsóknardeildir og bráðamóttökur sjúkrahúsa. Með þessari breytingu skapist meira jafnræði í gjaldtöku sem og betri nýting fjármuna innan heilbrigðiskerfisins.

Ýmsum sjónarmiðum var hreyft fyrir nefndinni í tengslum við tillögur þær sem fram eru settar í frumvarpi þessu. Þar kom m.a. fram að í nógildandi kerfi felist hvati til að notast við dýrari úrræði innan sjúkrahúsa í stað þess að fá þjónustu á göngu- eða bráðadeildum sjúkrahúsa, en hið fyrrnefnda er fjárhagslega hagstæðara fyrir sjúkling skv. nógildandi reglum. Með breytingunni sem felst í frumvarpinu er komið á samræmi í gjaldtöku af innlögn annars vegar og þjónustu á göngu- eða bráðadeildum án innlagnar hins vegar og um leið sneitt hjá því að greiðsluþátttaka sjúklings hafi áhrif á ákvörðun um hvort sjúklingur verði lagður inn á sjúkrahús eður ei. Nefndin telur því rökrétt að meira jafnræði sé á milli gjalda hvort sem einstaklingur er lagður inn eða nýtir sér göngudeildir eða bráðadeildir sjúkrahúsa. Nefndin vonast því til að með þessu frumvarpi verði hægt að fækka enn frekar legudögum en það má þó aldrei gerast á kostnað gæða þjónustunnar.

Við umfjöllun nefndarinnar kom fram að tekjur heilbrigðisstofnana af innlagnargjaldi þessu muni nema um 100 m. kr. á ári Komugjaldið vegna innlagnar á sjúkrahús mun því ekki skila 360 m.kr. eins og fram kemur í umsögn fjármálaskrifstofu fjármálaráðuneytisins þar sem meginhluti þeirra tekna sem þau ákvæði frumvarpsins er varða breytingar á lögum um sjúkratryggingar gera ráð fyrir mun koma til vegna hækkana á nógildandi gjöldum.

Meiri hluti nefndarinnar minnir á að sjúklingar verða fyrir ýmsum kostnaði vegna þjónustu á sjúkrahúsum og er því langt í frá verið að brjóta blað í frumvarpinu þegar kemur að gjaldtöku af sjúklingum sem njóta sjúkrahúsþjónustu. Sé sá kostnaðarauki sem sjúklingar verða fyrir vegna frumvarpsins settur í samhengi við heildarkostnað sjúklinga af heilbrigðisþjónustu er ljóst að hann er afar lítill.

Meiri hlutinn vill leggja áherslu á að í reglugerð ráðherra verði tekið ríkt tillit til þeirra sjúklinga sem þurfa að leggjast inn á sjúkrahús oft á ári.

Þá hvetur meiri hluti nefndarinnar til þess að vinna nefndar um gjaldtöku í heilbrigðisþjónustu verði hraðað eins og kostur er enda er nauðsynlegt að tekið verði tillit til heildarkostnaðar einstaklinga af heilbrigðisþjónustu.

Pétur H. Blöndal var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi 17.des. 2008.

Ásta Möller form.,  
Ágúst Ólafur Ágústsson,  
Árni Páll Árnason,  
Ragnheiður Ríkharðsdóttir,  
Birgir Ármannsson.